



6.4.4. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, sbr. rgl. nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014 og 360/2016
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Gangar og anddyri

Í grein 6.4.4 í byggingarreglugerð segir:

„Meginreglur: Eftirfarandi meginreglur gilda um anddyri og ganga:

1. Breidd ganga og annarra umferðarleiða skal vera fullnægjandi svo þeir anni þeirri umferð sem gert er ráð fyrir að verði innan byggingarinnar.
2. Innan íbúða skal breidd ganga vera a.m.k. 1,10 m.
3. Frágangur umferðarleiða innan bygginga skal vera þannig að yfirborð þeirra henti umferð allra einstaklinga.
4. Um byggingar sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar gildir eftirfarandi:
 - a. Hindrunarlaus breidd ganga og svalaganga skal að lágmarki vera 1,30 m þar sem umferð telst lítil.
 - b. Utan við hurðir, á gangi eða svalagangi, skal vera hindrunarlaus flötur, minnst 1,50 m x 1,50 m en þó 1,80 m x 1,80 m þar sem umferð er mikil. Heimilt er að víkja frá þessu fyrir framan íbúðir minni en 55 m².
 - c. Innan íbúða skal tryggt fullnægjandi athafnasvæði fyrir hjólastól, minnst 1,50 m x 1,50 m framan við hurðir en a.m.k. 1,30 m x 1,30 m í íbúðum minni en 55 m².
 - d. Anddyri innan íbúða skulu vera með hindrunarlausu svæði sem er a.m.k. 1,50 m x 1,50 m að stærð en a.m.k. 1,30 m x 1,30 m í íbúðum minni en 55 m².

Viðmiðunarreglur: Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda um anddyri og ganga bygginga sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar:

1. Þar sem umferð telst mikil eða þar sem umferðarleið innan byggingar er löng og án sérstakra útskota til mætingar hjólastóla, skal hindrunarlaus breidd umferðarleiða ekki vera minni en 1,80 m.
2. Á göngum sem eru mjórri en 1,50 m skal vera mætingarsvæði hjólastóla, 1,50 m x 1,50m að stærð með hæfilegu millibili miðað við þá umferð sem vænta má um ganginn. Þar sem umferð er mikil skal mætingarsvæði vera 1,80 m x 1,80 m.
3. Í stórum opnum rýmum skal gera ráð fyrir leiðarlistum fyrir blinda og sjónskerta.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

A Inngangur

Meginreglur eru ávallt ófrávíkjanlegar en viðmiðunarreglur eru frávíkjanlegar ef sýnt er fram á að aðgengi og öryggi sé tryggt með jafngildum hætti og meginregla viðkomandi ákvæðis uppfyllt. Í slíkum tilvikum skal hönnuður skila með hönnunargögnum greinargerð þar sem gerð er grein fyrir því og rökstutt með hvaða hætti meginregla ákvæðisins er uppfyllt og aðgengi og öryggi tryggt.

B Meginreglur


- 1 Í 1. tölulíð 6.4.4 gr. segir: „Breidd ganga og annarra umferðarleiða skal vera fullnægjandi svo þeir anni þeirri umferð sem gert er ráð fyrir að verði innan byggingarinnar.“ Breidd ganga og annarra umferðarleiða skal anna þeirri umferð sem um þá fer, s.s. gangandi, hjólastólar, vöruflutningar, búslóðaflutningar, sjúkraflutningar o.s.frv.




2 Í 4. tölulíð 6.4.4 gr. segir: „Um byggingar sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar gildir eftirfarandi:

- „Hindrunarlaus breidd ganga og svalaganga skal að lágmarki vera 1,30 m þar sem umferð telst lítil.“
- „Utan við hurðir, á gangi eða svalagangi, skal vera hindrunarlaus flötur, minnst 1,50 m x 1,50 m en þó 1,80 m x 1,80 m þar sem umferð er mikil. Heimilt er að víkja frá þessu fyrir framan íbúðir minni en 55 m².“

Gönguleiðir sem eru 1,5 m að breidd nægja fyrir hjólastól og gangandi að mætast og duga fyrir um 80% hjólastólanotenda til að snúa á gönguleiðinni.




Mynd 1. Gangandi getur mætt hjólastól ef breidd gangs er 150 sm



Mynd 2. Dæmi um gang með 1,80 m x 1,80 m útskoti, öll mál í mm


- „Innan íbúða skal tryggt fullnægjandi athafnasvæði fyrir hjólastól, minnst 1,50 m x 1,50 m framan við hurðir en a.m.k. 1,30 m x 1,30 m í íbúðum minni en 55 m².“




Mynd 3. Dæmi um gang með 1,50 m x 1,50 m útskoti, öll mál í mm



- d. „Anddyri innan íbúða skulu vera með hindrunarlausu svæði sem er a.m.k. 1,50 m x 1,50 m að stærð en a.m.k. 1,30 m x 1,30 m í íbúðum minni en 55 m².“ Í íbúðum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar er ekki æskilegt að uppfylla hljóðvistarkröfur með tvöfaldri hurð þar sem þær eru erfiðar í notkun fyrir hreyfihamlaða (önnur hurðin opnast út og hin inn). Það er æskilegra að uppfylla hljóðvistarkröfur með anddyri.




Mynd 4. Dæmi um anddyri, innri hurð opnast út í íbúð stærri en 55 m². Öll mál í mm



Mynd 5. Dæmi um anddyri, innri hurð opnast inn í íbúð stærri en 55 m². Öll mál í mm

C Viðmiðunarreglur


- 1 Í 1. tölulið 6.4.4 gr. segir: „Þar sem umferð telst mikil eða þar sem umferðarleið innan byggingar er löng og án sérstakra útskota til mætingar hjólastóla, skal hindrunarlaus breidd umferðaleiða ekki vera minni en 1,80 m.“ Umferðarbreidd að lágmarki 1,80 m annar mikilli umferð og tveir hjólastólar geta mæst á henni. Á löngum umferðarleiðum er æskilegt að hafa leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta.



Mynd 6. Miðað er við 1,80 m breidd á gangi til að tveir hjólastólar geti mæst. Öll mál í mm




- 2 Í 2. Tölulið 6.4.4 gr. segir: „Á göngum sem eru mjórri en 1,50 m skal vera mætingarsvæði hjólastóla, 1,50 m x 1,50m að stærð með hæfilegu millibili miðað við þá umferð sem vænta má um ganginn. Þar sem umferð er mikil skal mætingarsvæði vera 1,80 m x 1,80 m.“



Mynd 7. Dæmi um gang með 1,80 m x 1,80 m útskoti, öll mál í mm

- 3 Í 3. Tölulið 6.4.4 gr. segir: „Í stórum opnum rýmum skal gera ráð fyrir leiðarlistum fyrir blinda og sjónskerta.“ Gera skal ráð fyrir leiðarlistum fyrir blinda og sjónskerta í stórum opnum rýmum. Þeir eiga að vera þannig gerðir að sjónskertir og blindir með Hvíta stafinn (þreifistaf) geti nýtt þá til að komast leiðar sinnar og geti gengið án aðstoðar og hindrunarlaust.



Mynd 8. Dæmi um Leiðarlista og áherslumerkingarsvæði. Öll mál í mm



Mynd 9. Dæmi um leiðarlista

Litamismunur á yfirborðsefnunum skal vera a.m.k. 60 mælt í LRV kerfinu (LRV=lysrefleksionsværdi) eða 0,75 á NCS skalanum (hlutfall endurkastshæfni ljóss) (NCS=Natural Color System sjá <http://www.ncscolour.com>). Hlutfall endurkastshæfni ljóss fyrir einstaka liti er hægt að nálgast t.d. í atlas fyrir NCS litakerfið. Hlutfall endurkastshæfni ljóss fyrir einstaka liti dregst hvert frá öðru.



Mynd 10. Mismunur í LRV 60



Leiðbeiningar

6.4.4

Útgáfa 4.0
Dags. 30.05.2016




Mynd 11. Dæmi um leiðarlista með mismun í lit og áferð




Mynd 12. Dæmi um leiðarlista úr stáli



Mynd 13. Dæmi um einfaldan leiðarlista



Mynd 14. Dæmi um stál hnappa



Mynd 15. Dæmi um leiðarlista og áherslusvæði við tröppur



Tilvísanir

<http://www.sbi.dk/tilgaengelighed/tjeklister>

<http://byggeregler.dibk.no/dxp/content/tekniskekrav/12>

<http://boverket.se/Bygga--forvalta/Bygg--och-konstruktionsregler-ESK>

<http://byggningsreglementet.dk/br10>

<http://www.rabygg.is/adgengi/>

<http://ww.ncscolour.com>

Heimildir

- Tilgængelighed-tjekklister, Statens Byggeforskningsinstitut, Aalborg Universitet, 26.08.2011
- DiBK Byggeregler - Veiledning om tekniske krav til byggverk, Ho-2/2011
- Boverkets byggsregler, BBR 19, 10.10.2011
- Byggningsreglementet.dk, 29.08.2011
- Aðgengi fyrir alla - handbók um umhverfi og byggingar, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, 2002